

1985 nr. 51 24. júní**Lög um ríkislögmann**

Tóku gildi 1. janúar 1986. *Breytt með:* L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 7/1999 (tóku gildi 5. mars 1999). L. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 117/2016 (tóku gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016). L. 79/2019 (tóku gildi 6. júlí 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í brbákv.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Embætti ríkislögmanns er sjálfstæð stofnun og heyrir undir [stjórnarráðið].¹⁾

□ [Ráðherra skipar ríkislögmann til fimm ára í senn.]²⁾ Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skal enn fremur hafa réttindi til málflyttings fyrir Hæstarétti.

¹⁾ L. 7/1999, 1. gr. ²⁾ L. 83/1997, 45. gr.

■ 2. gr.

□ Ríkislögmaður fer með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði. Ráðherrar geta óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

□ Ríkislögmaður fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

□ Ríkislögmaður gerir fyrir hönd ríkisins kröfur einkaréttarlegs eðlis í [sakamálum].¹⁾

□ Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Enn fremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptaskulda eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mála. . . .²⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 79/2019, 29. gr.

■ 3. gr.

□ Við embætti ríkislögmanns starfa auk hans . . .¹⁾ lögfræðingar sem ríkislögmaður getur falið einstök mál sem embættið hefur til meðferðar enda fullnægi þeir lagaskilyrðum til að flytja slík mál.

□ Ríkislögmaður getur enn fremur falið [lögmonnum]²⁾ utan embættisins meðferð einstakra mála að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli.

¹⁾ L. 83/1997, 46. gr. ¹⁾ L. 117/2016, 18. gr.

■ 4. gr.

□ Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um skiptingu kostnaðar af mál-efnum sem ríkislögmanni eru falin.

¹⁾ Rg. 111/2008.

■ 5. gr.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.